



Nefndasvið Alþingis
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 26. september 2016

Efni: Umsógn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972 vegna eintakagerðar til einkanota, 870. mál

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) fagnar frumvarpi til breytinga á höfundalögum, með síðari breytingum (eintakagerð til einkanota), sbr. þskj. nr. 1667. SÍK hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld leittist við að halda í við öra tækniþróun og nýjar lausnir til eintakagerðar og gæta þess lög og reglur séu í takt við þá þróun. Hér er því um löngu tímabærar breytingar að ræða sem mikilvægt er að ná fram að ganga enda forsenda þess að höfundarréttarverndin sé hvað virkust í ljósi nýrra tækja- og tækniþróunar.

Frumvarpið hefur það að meginmarkmiði að greiða réttihöfum sanngjarnar bætur vegna eintakagerðar til einkanota en þó með breyttu fyrirkomulagi en nú viðgengst. Í stað þess að innheimta höfundaréttargjald af tækjum og upptökumilum þá er lagt til að bætur til réttihafa greiðist úr ríkissjóði með fjárhelmild í fjárlögum. Vilja SÍK í því skyni áréttta mikilvægi þess að slík fjárhelmild sé veitt og hún sé í samræmi við þau viðmið sem lögð eru til í frumvarpinu.

Með vísan til framangreinds þá styður SÍK fyrirbyggjandi breytingar og sér fram á að með þeim verði hægt að rétta hlut kvikmyndaframleiðenda til réttlátari greiðslur fyrir höfundarétt. SÍK áskilur sér jafnframt rétt til að koma fram með frekari sjónarmið á síðari stigum og lýsir sig reiðubúð til að funda um efni umsagnarinnar, sé eftir því óskað.

f.h. SÍK

Kristinn Þórðarson
formaður SÍK

f.h. SI

Björg Ásta Þórðardóttir hdl.